

## Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar  
um úrskurðarnefndir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar sjálfstæðar og óháðar úrskurðarnefndir eru starfandi á vegum ráðuneytisins, hvað heita þær og hver eru verkefni þeirra?*
2. *Hver var heildarkostnaður ríkisins af starfsemi nefndanna árin 2009, 2010 og 2011, sundurliðað á hverja nefnd fyrir sig?*

Tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir störfuðu á vegum ráðuneytisins á árunum 2009–2011, þ.e. úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarnamála. Ný nefnd, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, tók svo til starfa 1. janúar 2012 og tók hún við auknum verkefnum frá öðrum ráðuneytum sem og verkefnum eldri úrskurðarnefnda ráðuneytisins.

Samkvæmt 1. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, er hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmála vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði.

Heildarkostnaður ríkisins vegna úrskurðarnefnda á vegum umhverfisráðuneytisins á árunum 2009–2011 var eftirfarandi:

Ár	Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála	Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnamála
2009	43.513.001	8.009.543
2010	40.391.339	7.071.492
2011	46.707.820	13.425.596